


Haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna í Norræna húsinu



Sýningarnefndin, talið frá vinstri: Benedikt Gunnarsson, Einar Hákonarson, Vilhjálmur Bergsson, Bragi Ásgeirsson, Guðmundur Benediktsson, Magnús A. Arnason og Kristján Davíðsson.

GLÆSILEGT
YFIRBRAGÐ

Hvernig í ósköpunum á leikmaður að fara að því að skrifa um myndlistarsýningu, þegar vankunnátta hans er svo algjör, að hann þekkir ekki einu sinni nöfn á stefnum eða ismum?

Ég hef nú samt sem áður ákveðið að segja litlilega frá samsýningu á verkum íslenskra myndlistarmanna, sem opnuð var í Norræna húsinu í gær.


Það er nefnilega svo, að þeim sem leyfist að kalla sig sérfræðinga eyða of oft miklu af tíma sínum á sýningum eins og þessum í það að rekja þróun listarinnar, en gleyma því, sem vonandi fleirum en mér þykir meira um vert, nefnilega: hvaða áhrif hafði sýningin á menn?

Byrjum fyrst á formsatriðum. Á þessari haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna eru sýnd 98 verk 36 höfundar. Alls bárust sýningarstjórninni 233 verk og úrskurðaði stjórnin 135 þeirra ekki nógu góð til

þess að eiga heima á sýningunni. Fyrir hönd listmálara í sýningarstjórn kváðu þeir Bragi Ásgeirsson, Vilhjálmur Bergsson, Benedikt Gunnarsson og Einar Hákonarson upp dóma yfir sýningarhæfum myndum og óhæfum. Sama verk unnu fyrir myndhöggvara, þeir Magnús A. Arnason og Guðmundur Benediktsson.

Af þessum 36 höfundum eru 8 myndhöggvarar, 21 málari, fernt myndvefnaðarfólk og 3 sem sýna grafískar myndir.

Nokkrir sýnenda eru ekki félagar í Félagi íslenskra myndlistarmanna. Einnig eru þar nju listamenn og konur, sem sýna nú í fyrsta sinn á haustsýningu hjá félaginu. Það eru þau Bjarni Sæmundsson, Jónas Guðvarðarson, sá sami og sýndi í sumar á Mallorka, Sigurður Steinsson sem sýnir höggmyndir, Ísleifur Konráðsson, Hanna G. Ragnarsdóttir, sem sýnir myndvefnað, Hildur Hákonardóttir, en hún er í sömu listgrein og Hanna, Gunnar Örn Gunnarsson, Örn Þor-



Ein „höggmyndanna“ á sýningunni.



Málverk eftir Einar Hákonarson.

kalla verk þeirra falleg. Ég geri það nú samt. Myndirnar voru einmitt af þeirri gerðinni, sem ekki verður sagt annað um. Þó voru þær ekki fallegar á þann hátt að því fylgdi nokkurskonar vænni né yfirborðsmennska. Kannski er réttara að segja að þær séu hrifandi.

EKKI veit ég hvort kalla má verk málverk þótt það sé í lit-

um og túlki litbrigði, ef það jafnframt er eitthvað annað. Þarna voru verk sem ég gæti trúð að væru einn angri hreyfist. Þannig verk geta oft verið bráðfjörug.

Myndvefnaðurinn og grafíklistin eiga þarna færri fulltrúa en verðugt væri. Fulltrúar þessara listgreina hafa þó greinilega skilað af sér góðum hlutum og það er meira vert en annað.

Það sem kallað er höggmyndalist hlýtur að vera nokkuð teygjanlegt fyrst það eru höggmyndasmiðir sem þarna eiga verk. Það má vel vera, að þessi verk séu höggvin, einhver í það minnsta. En ekki öll trúir ég. Sérstaklega vil ég beina athygli fólks að mynd, sem hefur verið komið upp fyrir utan húsið. Hún er lúmskari en svo að megi meðtaka hana í einum skammti. Smærri myndir og verk af þessum listmeiði eru svo innan veggja. Margar þeirra eru ótrúlega hugvitsamlega gerðar og nokkrar mjög kátlegar. Stundum hef ég séð orðið kátlegur notað í niðrandi merkingu. Svo er ekki í þetta sinn. Þær eru kátlegar af hugviti sínu og vekja með sjáandnum kæti.

Sýning Félags íslenskra myndlistarmanna er einmitt sýning, sem halda á að haustinu. Þá fer að dímma í mörgum mannhuganum og suma grípur einhvers konar vonleysi. Þessi sýning dregur úr þannig neikvæðum hugarfarsbreytingum og framlengir þá tíma sem bjartari eru.

Það er von mín að landsmenn hafi rænu á að þakka listafólkinu fyrir sig á þann hátt einan, sem þeim verður þakkað: með því að sækja sýningu þeirra vel, en hún stendur til 19. sept. og er opin daglega frá kl. 2–10. **Ú. Þ.**

KAUPMANNAHÖFN 2/9 — Eisaku Sato, forsætisráðherra Japans sagði í dag í viðtali við dagblaðið Berlinske Tidende í Kaupmannahöfn, að hann væri fús til að fara til Peking til að ræða um það hvort hægt væri að koma á stjórnmálambandi milli Japans og Kína.

Ekkert lát á
óeirðum á
N-Írlandi

BELFAST 4/9 — Tveir menn féllu í nýjum óeirðum, sem urðu í Norður-Írlandi seint á föstudagskvöld og aðfaranótt laugardags.

Brezkur hermaður féll og tveir særðust alvarlega, þegar bíllinn sem þeir óku í var sprengdur í loft upp rétt við írsku landamærin. Verzlunarmaður brann inni í búið sinni eftir að kviknað hafði ö henni við sprengingu. Þá hafa alls 64 menn fallið í óeirðunum í Norður-Írlandi í sumar.

Nýjar sprengjuárásir voru gerðar í Belfast seint á föstudagskvöld. Fimm menn særðust þegar sprengja sprakk í grennd við lögreglustöð í austurhluta borgarinnar. Tvar verzlunar eyðilögðust af sprengingum í sama hverfi.

Um miðnætti á föstudagskvöld kom til heiftarlegra óeirða milli brezkra hermanna og kaþólskra manna í hverfinu Ardoyne í Belfast.

Kjaramál

Framhald af 2. síðu. Anna í samningaumleitunum í haust?

— Alþýðubandalagið hefur þegar lagt til, að mynduð verði sameiginleg kjaramála- og samninganefnd og kom hún til fundar sl. miðvikudag. Virðist hér vera um stefnubreytingu að ræða frá því í fyrra, en þá fyrirfannst engin samstaða, og ótaði hver sínum tota. Ég geri mér góðar vonir um að einlægur vilji til samstarfs og samvinnu um helztu kröfur orki því að árangur náist án þess að verkafallsþögnin þurfi að beita verkfallsþögninu til að ná fram réttmætum leiðréttingum.



GARÐAHREPPUR

GARÐAHREPPUR

Frá Tónlistarskóla
Garðahrepps

Skólinn verður settur 1. október.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu sveitarstjóra og hjá skólastjóra, að Móafliot 5. Sími 42270.

Ath.: ALLIR NEMENDUR, sem stunda ætla nám við skólann í vetur (einnig eldri nemendur) verða að innrita sig. — Eldri nemendur ganga fyrir með skólavist.

Skólastjóri.

GARÐAHREPPUR

GARÐAHREPPUR



Hjúkrunarkona

Óskast á Geðdeild á Hvítabandi, hluta af starfi á dag- og kvöldvakt.

Einnig óskast hjúkrunarkona á Hjúkrunar- og endurhæfingardeild í Heilsuverndarstöðinni. Upplýsingar gefur forstöðukona í síma 81200.

Borgarspítalinn.